## Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Starfsleyfisflokkur: |
|---|---|---|---|
| Samherji Fiskeldi, Núpum | 24. ágúst 2018 | Núpum III, Ölfusi | 3 |
| **Kennitala rekstraraðila:** | **Gildistími starfsleyfis:** | **Kvittun afhend:** | **Gerð stöðvar:** |
| 610406-1060 | 01.12.2019 | Já | Landeldi, 100t af laxaseiðum og 50t af bleikjuseiðum |

| Starfsemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | | x | | Framleidd voru rúm 104 tonn af bleikju- og laxaseiðum á árinu 2017. Þar af 94 tonn af bleikjuseiðum og 10 tonn af laxa seiðum |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br><br>Áætlaðar breytingar? | x | | | Þann 27. júní sl. kom upp bruni í seiðahúsi og varð mikið eignatjón á húsinu en kerin sluppu að mestu fyrir utan tvö sem eyðilögðust. Verið er að vinna að uppbyggingu og fyrirhugað er að byggja nýtt hús í stað þess sem brann. Húsið er þó í nothæfu ástandi og búið er að hreinsa mikið til og ekki var að finna mikla brunalykt eða sjáanlegar skemmtir fyrir utan sót á bárujárni. Ekki varð mikið tjón á fiski.<br><br>Búið er að skipta um olíutank skv. tilmælum í fyrra eftirliti. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | x | | | Já, í lagi.<br><br>Daglegar skráningar í FarmControl |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | x | | | Í lagi, var skilað þann 30. apríl sl. |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | x | | | Í lagi, var skilað þann 30. apríl sl. |
| Er áhættumat og uppfærðar | x | | | Í lagi |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | | | |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | x | | | Var síðast haldinn þann 19. desember sl. og næsti fundur verður haldinn í tengslum við eftirlit árið 2021 og er rekstraraðili minntur á að hann skal boða til þess samráðsfundar skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | x | | | Í lagi |
| Er neyðaráætlun til staðar? | x | | | Í lagi |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | x | | | Umhverfismarkmið hafa verið send eftirlitsaðila. |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | x | | | Klukkufóðrarar og blástursfóðurkerfi og útreikningar á fóðurþörf í gegnum FarmControl. Einungis notað fóður sem er framleitt eða flutt inn af Laxá |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br><br>Mælingar eða útreikningar?<br><br>Síðustu mælingar? | x | | | Mælingar voru síðast gerðar árið í mars árið 2018 og eru því næstu mælingar árið 2021 ár skv. gr. 3.3 í starfsleyfi<br><br>Mæla skal svifagnir, pH og hitastig í viðtaka árlega og voru þær mælingar síðast gerðar í sept. 2017. |
| Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? | x | | | Í lagi. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitaupgufun frá frárennsli?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | x | | | Ekki var að sjá uppsöfnun fóðurleyfa, slý eða óeðlilega lykt að finna við útrás í viðtaka.<br><br>Töluverð lykt var við meltutanka og bent er á að gera þarf ráðstafanir svo vatn safnist ekki fyrir í kringum þá. Minnt er á að geyma skal kvittanir vegna losunar meltutankanna. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.<br><br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | x | | | Frárennsli er leitt í settank og þaðan í tromlusíju. Mokað er reglulega upp úr settankinum yfir í meltutank og er hann losaður tvisvar á ári. Stífluþjónusta Suðurlands hefur tæmt tankinn og er innihaldið flutt á Álfsnes. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | x | | | Sjá fyrra svar |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | x | | | Já, í lagi |
| Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | x | | | Engin spilliefni eru notuð í stöðinni og annar úrgangur er tekinn einu sinni í viku af Gámaþjónustunni.<br><br>Dauðfiskur er flutt af Stífluþjónustu Suðurlands og er urðaður á Álfsnesi. |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | x | | | Já, í lagi |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | x | | | Í lagi |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | Á ekki við |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br><br>Er það skv. starfsleyfi? | x | | | Síðustu mælingar köfnunfarefnis voru í apríl árið 2018. Næstu mælingar eru fyrirhugaðar árið 2021 skv. gr. 3.3, en mæla skal heildarfósfor, heildarköfnunarefni, |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hver sér um mælingarnar? | | | | svifagnir, ammoníak, hita, súrefnismettun í viðtaka, og sýriustig í viðtaka á þriggja ára fresti.<br><br>Rekstraraðili tekur sýnin og sendir flesti til Sýni til greiningar en sýrustig, hitastig, og súrefnismettun mælir rekstraraðili sjálfur. |

| | |
|---|---|
| Niðurstöður síðasta eftirlits:<br><br>19.09.2017: Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar er varða tegundaskiptingu í leyfi og olíutank við vararafstöð sem þarf að skipta út sem fyrst. | |
| **Samantekt:** | Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar að framleiðsla á bleikjuseiðum fer yfir mörk gr. 1.2 í starfsleyfi. Ein ábending var gerð varðandi frágang við meltutank. |
| **Annað** | Minnt er á að geyma þarf allar kvittanir um losun úrgangs. |

G. Stella Árnadóttir

*Undirskrift eftirlitsmanns:* ______________________________________

# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Íslandsbleikja, Núpum   Núpum III í Ölfusi.**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 24.8.2018 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Íslandsbleikja, Núpum | **Eftirlitsmaður** | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| **Heimili** | **Núpum III, Ölfusi** | **Tegund eftirlits** | Framselt eftirlit |
| **Kennitala** | 610406-1060 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gunnar Dagur Darrason | **ÍSAT nr.** | 03.22.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 390484,225   387985,195 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar að framleiðsla á bleikjuseiðum fer yfir mörk gr. 1.2 í starfsleyfi. Ein ábending var gerð varðandi frágang við meltutank.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og er vísað í meðfylgjandi gátlista.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| Gr. 1.2 í starfsleyfi | Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100t af laxaseiðum og 50t af bleikjuseiðum á ári. Framleidd voru 94 tonn af bleikjuseiðum og 10 tonn af laxa seiðum á árinu 2017 og er því framleiðsla á bleikjuseiðum umfram heimild í starfsleyfi. |

## ÁBENDINGAR

Ábending er gerð um að huga þurfi að frágangi við meltutank svo vatn safnist ekki þar fyrir (sjá nánar í gátlista).

08.11.2018

Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.